



# *Skeiða og Gnúpverjahreppur*

## *Álagningarforsendur fasteignagjalda 2026*

---

### **Álagningarforsendur fyrir árið 2026 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:**

Álagningarhlutfall útsvars: 14.97%.

#### **A-flokkur 0,43% af heildar fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

#### **B-flokkur 1,32% af heildar fasteignamati:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

#### **C-flokkur 1,65% af heildar fasteignamati:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykkt um afslátt af fasteignaskatti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var af sveitarstjórn 3. desember 2025. Í samræmi við samþykktina geta þeir sem eru 67 ára og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirra íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Viðmiðunarfjárhæðir til afsláttur af fasteignagjöldum taka breytingum frá árinu 2025 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs á tímabilinu 1. janúar 2025 - 1. desember 2025.

**Heimæðagjald vatnsveitu** innheimtist samkvæmt gjaldskrá um kaldavatnsveitu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

#### **Vatnsgjald:**

Vatnsgjald er 0,2% af heildarfasteignamati íbúðarhúsi, lóða og atvinnuhúsnæði, þó að hámarki 49.000 kr. á íbúðarhúsnæði. Ekkert hámarksgjald er á atvinnuhúsnæði. Eitt vatnsgjald er innheimt af frístundahúsnæði, 39.000 kr.

#### **Lóðarleigugjöld**

Lóðarleigugjöld innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

**Sorphirða og sorpevðingargjöld** innheimtast samkvæmt gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs

**Rotþróar- og fráveitugjöld** innheimtast samkvæmt gjaldskrá fyrir fráveitu og seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### **Gjaldareglur**

Öll gjöld v. vatnsgjalds, lóðarleigu, rotþróar, fráveitu og sorphirðu hafa sömu gjalddaga og fasteignaskattur og fer innheimtu þeirra gjalda samhliða innheimtu fasteignaskatts

Gjalddagar fasteignaskatts, vatnsgjalds, lóðarleigu, fráveitu og sorphirðu skulu greiddir með 10 gjalddögum frá 1. feb- 1. nóv.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3. desember 2025.*